

Samantekt: Framsæknar fjárfestingar íslenskra lífeyrissjóða

Nemandi: Haukur Snær Hauksson

Sérsvið: Fjármál

Dagsetning: September 2007

Ritgerðin fjallar um stöðu framsækinna fjárfestinga (e. *alternative assets*) hjá íslenskum lífeyrissjóðum, þróun þeirra undanfarin ár, vægi í fjárfestingastefnum og reynt er að leggja mat á það hvort tilefni sé til að auka við vægi þessa eignaflokks.

Ritgerðin samanstendur af almennri umfjöllun um íslenska lífeyrissjóðakerfið, stærð þess og vöxt, sögulega eignasamsetningu og fjárfestingarheimildir. Fjallað er almennt um framsæknar fjárfestingar, einkenni þeirra, fjárfestingaraðferðir, stærð markaðar og kosti og galla slíkra fjárfestinga. Þá er eignasamsetning erlendra lífeyrissjóða skoðuð; bæði eignasamsetning landa í heild sinni og eignasamsetning einstakra sjóða og sérstaklega litið til framsækinna fjárfestinga. Vægi framsækinna fjárfestinga hjá 12 stærstu lífeyrissjóðum landsins er skoðuð sérstaklega og voru þær upplýsingar fengnar úr ársreikningum sjóðanna. Auk þess er farið yfir framsæknar fjárfestingar í fjárfestingastefnum þessara sömu sjóða.

Stærstur hluti ritgerðarinnar fer í útreikninga á framföllum (e. *efficient frontiers*) eignasafna, bæði með framsæknum fjárfestingum og án þeirra. Notast er við sögulegar ávöxtunartölur, staðalfrávik og fylgni milli eignaflokka.

Helsta niðurstaðan er sú að framsæknar fjárfestingar séu vaxandi eignaflokkur bæði hjá íslenskum og erlendum lífeyrissjóðum. Íslenskir lífeyrissjóðir eiga þó enn langt í land með að ná þeim erlendu. Framsæknar fjárfestingar passa vel inn í eignasöfn íslenskra lífeyrissjóða miðað við söguleg gögn. Eignaflokkurinn hefur sögulega góða ávöxtun, staðalfrávik sem er lægra að meðaltali en hjá erlendum hlutabréfum og fylgnin við íslensk verðbréf er í flestum tilvikum mjög lág eða neikvæð.